

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. 71

— Þjer hafið, herra amtmaður, samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Hvammshreppi í 3. júní. Dalasýslu sent mjer með þóknanlegu brjefi frá 16. apríl p. á. úrskurð sýslumannsins í nefndri sýslu, dags. 22. ágúst 1883, um sveitfesti Sæmundar bónda Jónssonar í Sælingsdal, er samþykktur hefur verið af yður með brjefi 25. febrúar p. á., en úrskurði þessum hefur ofanefnd hreppsnefnd skotið undir úrskurð minn.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar ráðstöfunar og frekari birtingar, að með því að jeg, eins og þjer, er samþykktur ástæðum þeim, sem úrskurður sýslumannsins er byggður á, verður að standa við úrslit þau, er málið hefur fengið með honum.¹

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu 4. júní. hefur skotið hingað úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 13. sept. f. á., sem skyldar nefndan hrepp til að endurgjalda Helgastaðahreppi í Þingeyjarsýslu 128 kr. meðgjöf fardaga-árin 1879—80, 1880—81 og 1881—82 með Baldri Guðnasyni, óskilgetnu barni Pálínu nokkurrar Pálsdóttur, sem sveitlæg er í Glæsibæjarhreppi.

1) Hinn hjerumræddi sýslumannsrskurður var svo hljóðandi:

“Það er fullsannað af framburði Sæmundar sjálfs fyrir rjetti þann 8. júní 1882 og af vottorði sóknarprests Hvammsþinga, 20 febr. 1883, að Sæmundur er innkominn í Hvammshrepp að Laugum árið 1871, en síðan hefur hann eigi vikið burtu úr hreppnum. Með árinu 1881 hefur hann því fullkomnað þá 10 ára samfleytta dvöl í hreppnum, sem útheimtist að lögum til þess að ávinna sjer þar framfærslurjett, svo framarlega öll ár þessarar dvalar verða talin með. Gegn því hefur nú nefndin reist mótmæli af þeim ástæðum: 1, að hann, síðasta árið sem hann dvaldi á Laugum, hafi verið þar í ólöglegri lausamennsku og 2, að hann, síðasta árið sem hann var á Hóli, hafi verið þar í ólöglegri húsmennsku.

Að því er snertir hina fyrri mótbáru nefndarinnar, að Sæmundur þessi hafi dvalið í ólöglegri lausamennsku á Laugum, síðasta árið sem hann var þar, þá getur það, þótt mótbára þessi væri á rjettum rökum byggð, eigi varnað því, að það ár teljist með, til að fullkomna hina umræddu 10 ára dvöl, þar tilsk. 26 maí 1863, sbr. §§ 10 og 12, er skýlaust tekur fram, að með ólöglegri húsmennsku geti menn eigi áunnið sjer sveitfestu, hefur ekkert slíkt fyrirskipað um ólöglega lausamennsku, og hefir því slík dvöl í þessa stefnu sömu þýðingu að lögum, einsog hún væri lögmæt (sbr. einnig Stjórnartíð. 1882 B. nr. 106 bls. 97-98).

Hvað áhrærir þá mótbáru nefndarinnar, að þráttnefndur Sæmundur hafi, síðasta árið sem hann var á Hóli, verið í ólöglegri húsmennsku, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að framburður þáverandi húsbónda hans, hreppstjóra Jens Jónssonar, fyrir rjetti þann 19. apríl 1883, er eigi hefur verið mótmælt, hafi sannað, að dvöl hans þar þetta ár beri að skoða sem lausamennsku, en eigi sem húsmennsku, þar hann eigi hafði sjerstaka eldstó eða sjerstakt hús fyrir sig — var þar eigi neinum “húsum ráðandi, — og það atriði, að kona hans var þetta ár að $\frac{1}{3}$ parti laus, en að $\frac{2}{3}$ þörtum vinnukona þar, sannar eigi, að þau hafi verið að öllu eða nokkru leyti í húsmennsku. Dvöl hans á Hóli þetta umrædda ár ber því að skoða á sama hátt og hið áðurnefnda ár, er hann dvaldi á Laugum.

Jeg skal jafnframt til vara taka fram, að jafnvel þótt dvöl hans á Hóli nefnt ár yrði skoðuð sem húsmennska, þá fæ eg eigi betur sjeð, en að hreppsnefndin hafi óbeinlínis veitt leyfi til þessarar dvalar, þar sem Sæmundur, með vitund oddvita og hreppstjóra, dvelur hjá einum af nefndarmönnum, og, að líkindum eptir ósk hans (þ: húsbónda sins), “gefur, til sveitarinnar þetta ár.

Hvað viðvíkur sveitarstyrk þeim, er Sæmundi þessum var veittur samkvæmt ósk hans í brjefi til oddvitans dags. 27. marz 1882 og öðrum þeim atriðum, er standa í sambandi við það, þá getur það eigi haft áhrif á eða ráðið úrslitum þessa máls, þar styrkur þessi er veittur eptir að Sæmundur hafði dvalið full 10 ár í hreppnum, og er því eigi ástæða til að athuga þessi atriði nákvæmar hjer.

Samkvæmt framangreindum ástæðum er því úrskurður minn í þessu máli, að nefndur Sæmundur bóndi Jónsson, er nú er búandi á Sælingsdal, skuli álitast sveitlægur í Hvammshreppi hjer í sýslu,

72
4. júní. Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps hefur byggt undanfærslu sína undan að greiða ofan nefnt endurgjald sumpart á því, að styrkur sá, sem veittur hafi verið Pálínu Pálsdóttur til meðgjafar með barni hennar, hafi verið veittur að nauðsynjalausu og án þess að rannsakaður hafi verið áður efnahagur þeirra, er að henni stóðu, sumpart á því, að þegar þurfalingurinn eigi framfærsluskylda frændur, þá eigi heimilishreppurinn fyrst að snúa sjer til þeirra um endurgjald á hinum veitta sveitarstyrk, og geti eigi gengið að framfærsluhreppnum í því efni, fyrr en augljóst sje, að frændurnir sje eigi aflagsfærir. Að endingu álitur hreppsnefndin sjer eigi skylt, hvernig sem fer, að endurgjalda meðgjöfina fyrir 1879—80 og fyrir hálf t árið 1880—81 eða samtals 63 kr. 20 a. af upphæðinni, með því að hún hafi eigi fyrr en í september 1880 fengið tilkynningu um, að barni Pálínu hafi verið komið niður af hreppsnefnd Helgastaðahrepps frá krossmessu 1879.

En einsog ekkert það er fram komið eða upplýst í málinu, er bendi á það, að hinn umræddi sveitarstyrkur hafi verið veittur að nauðsynjalausu, eins verður það heldur eigi álitid, að framfærslusveitina beri aðeins að skoða sem varaskuldunaut heimilishreppsins fyrir framlögðum sveitarstyrk, en framfærisskylda frændur sem aðalskuldunauta, því að bæði væri þetta gagnstætt hlutarins eðli, þarsem fjárframlag heimilishreppsins er aðeins til bráðabirgða og veitt vegna þess, að þurfalingurinn ekki nógu fljótt getur orðið hjálpar aðnjótandi frá framfærsluhreppnum, og á hinn bóginn er engin lagaákvörðun, sem neyði til að víkja frá því, sem þannig er eðlilegast í þessu efni, en þarsem í þessu tilliti hefur verið skýrskotað til 9. gr. í reglugjörð 8. jan. 1834, þá verður eigi sjeð, að sú lagagrein innihaldi neitt það, er komi í bága við þessa skoðun, og þó að brjef innanríkisstjórnarinnar 6. maí 1853 sýnist í fljótu bragði hafa annan skilning á þessu atriði í fátækralöggjöfnni, þá verður þó eigi í þessu máli byggt neitt á því brjefi, með því að þar var talsvert öðruvísi ástatt en hjer, þarsem faðir þurfaingsins hafði beinlínis skuldbundið sig til að endurgjalda hinn veitta styrk. Þar á móti er öðru máli að gegna um umkvörtun hreppsnefndarinnar í Glæsibæjarhreppi yfir því, hve seint hafi verið sagt til meðgjafarinnar með barni Pálínu, þarsem það verður að álitast bein skylda heimilishreppsins að gefa framfærsluhreppnum tafarlaust tilkynningu um sveitarstyrk, sem þannig er veittur fyrir hans hönd, og með því að þessi tilkynning ekki hefur átt sjer stað fyrri en hreppsnefndin í Helgastaðahreppi 5. apríl 1880, eða nálega ári síðar en barninu var komið niður, skrifaði sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um málið, verður Glæsibæjarhreppur eigi skyldaður til að endurgjalda þann hluta meðgjafarinnar, er greiddur var til þess dags með ofan nefndu barni Pálínu Pálsdóttur.

Af framanskriðum ástæðum er hinum áfrýjaða úrskurði yðar, herra amtmaður, að þessu leyti breytt, og um leið og jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefndum þetta, vonast jeg jafnframt eptir, að þjer hlutist til um, að þessum úrskurði mínum verði fullnægt.

73
5. júní. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ónýtingu á kosningum til amtsráðs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, tilkynnt mjer, að þjer, samkvæmt heimild þeirri, er yður er veitt í 37. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, hafið fellt úr gildi fyrst um sinn kosningargjörðir sýslunefndanna í Þingeyjarsýslum til amtsráðsins, er fram fóru 10. og 25. marzmánadar síðastliðins, með því að kosningar þessar hafi fram farið án tilhlutunar frá yðar